

1. mgr. 24. gr. áfengisлага að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Eggert Grímsson Laxdal, sæti varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði sakarkostnað allan, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. júní 1971.

Nr. 76/1971. **Hagtrygging h/f**
 gegn
Haraldi Þórðarsyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Sáttatilaun. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 15. maí 1971, sem barst Hæstarétti 4. júní 1971, hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. tl., b, laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borizt greinargerð né kröfur.

Samkvæmt 5. tl. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 1. gr. laga nr. 46/1950, og 84. gr. laga nr. 85/1936 var heimilt

að ganga framhjá sáttamönnum með sáttatilraun í málinu. Ber því að fella hinn kærða dóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. maí 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var fyrst 11. marz s.l., en endurupptekið og dómtekið á ný 14. apríl s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 18. desember s.l., af Hagtryggingu h/f, Suðurlandsbraut 10, Reykjavík, gegn Haraldi Þórðarsyni, Barónsstíg 16, Reykjavík, til endurgreiðslu greiddra skaðabóta að fjárhæð kr. 55.413.00 með 8% ársvöxtum frá 13. desember 1966 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins. Í greinargerð lækkaði stefnandi höfuðstól stefnukröfu í kr. 55.053.00.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að þann 19. ágúst 1966, kl. um 1950, hafi bifreiðinni R 13735, sem stefndi stjórnaði, verið ekið vestur Sætún í Reykjavík og aftan á bifreiðina R 19502, þar sem hún hafi staðið kyrrstæð við Sætún í Reykjavík. Við áreksturinn hafi orðið miklar skemmdir á bifreiðinni R 19502 auk þess sem ökumaður hennar og eigandi, Jóhann B. Jónsson, hafi slasast, en hann hafi staðið aftan við R 19502 og orðið á milli bifreiðanna. Ökumaður R 19502 hafi verið búinn að stöðva bifreið sína og verið að athuga varahjólbarða hennar, sem var í farangursgeymslu bifreiðarinnar. Hafi stefndi viðurkennt við yfirheyrslu hjá lögreglunni í Reykjavík að hafa neytt áfengis, rétt áður en hann hóf akstur í umrætt sinn, og hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Stefnandi heldur því fram í málinu, að ökuóhapp þetta hafi verið bein afleiðing af akstri stefnda undir áhrifum áfengis, og telur, að með því hafi hann öðlzt rétt til endurkröfu á hendur stefnda á þeirri fjárhæð, sem hann varð sem ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar R 13735 í umrætt skipti að greiða í skaðabætur

vegna tjóns á bifreiðinni R 19502 og ökumanni hennar. Endurkröfu sína byggir stefnandi á 73. gr. laga nr. 40/1968, áður lög nr. 26/1958, og a og d lið 9. gr. váttryggingarskilmála þeirra, sem hann hefur lagt fram í málinu.

Stefnandi hefur leitað úrskurðar endurkröfunefndar samkvæmt 76. gr. laga nr. 40/1968, áður lög nr. 26/1958, og nefndin úrskurðað, að endurkrafa væri heimil á kr. 55.413.00.

Stefndi hefur látið sækja þing, en þingsókn féll síðan niður af hans hálfu, án þess að andmæli kæmu fram.

Mál þetta verður því dæmt eftir ákvæðum 118. gr. laga nr. 85/1936.

Hvorki 5. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 46/1950, 1. gr., né aðrar réttarheimildir undanþiggja mál þetta sáttatilraun fyrir sáttamönnum.

Þar sem slík sáttatilraun fór ekki fram, áður en til málssóknar þessarar kom, er óhjákvæmilegt að vísa málinu frá dómi án kröfu.

Málkostnaður dæmist ekki.

Dóminn kvað upp Kristín Briem. Dómsuppkvaðning hefur dregið vegna anna dómars.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi.